

Sent landbúnaðarráðuneytinu

Reykjavík 06. júní 2003  
2003050021/016-2  
ÆP/hj

## Umsögn um skýrslu Íslands til FAO um erfðaauðlindir í búfé

Vísað er til bréfs dags. 22. maí 2003 þar sem óskað er eftir umsögn um skýrslu Íslands til FAO um erfðaauðlindir í búfé. Náttúrufræðistofnun Íslands kemur að málinu á tvennan hátt, þ.e. með setu í erfðanefnd búfjár (núverandi erfðanefnd landbúnaðarins) og með aðkomu Íslands að Samningnum um líffræðilega fjölbreytni (CBD).

Ofangreind skýrsla hefur ekki komið til erfðanefndar búfjár til umfjöllunar þó svo að ný erfðanefnd hafi verið skipuð með skipunarbréfi 1. október 2002 auk þess sem engir fundir hafa verið haldnir. Þegar þetta er ritað hefur ekki verið gengið frá skipan í arftaka hennar, erfðanefnd landbúnaðarins.

Í skýrslunni virðast engar beinar tillögur vera um hvernig Ísland ætli sér að framkvæma ákvæði Samningsins um líffræðilega fjölbreytni er lúta að verndun búfjárstofna og erfðaefnis sem í þeim er fólgið. Óljóst er hvort þær tillögur sem eru í skýrslunni um varðveislu erfðaauðlinda (kafla 6) nægi til þess að uppfylla öll skilyrði samningsins, enda verður að kortleggja skilyrðin fyrst og síðan ákveða hvernig íslensk stjórnvöld hugsa sér að uppfylla þau með beinni tilvísun til samningsins, ekki aðeins með almennu orðalagi. Vinnuhópurinn sem samdi skýrsluna leggur þó til að unnar verði „... skipulegar verndar- og varnaráætlanir fyrir íslensku búfjárstofnana” (bls. 24). Mikilvægt er að slíkar áætlanir verði unnar ekki aðeins í samráði við landbúnaðarráðuneytið, heldur einnig umhverfisráðuneytið sem fer með framkvæmd Samningsins um líffræðilega fjölbreytni fyrir hönd Íslands.

Skýrsla þessi fjallar um erfðaauðlindir í búfé, sbr. titill hennar. Það skýtur því skökku við að fjalla um villtar dýrategundir eins og æðarfugl og hreindýr, sbr. kafla 2.1.9. Náttúrufræðistofnun Íslands leggur til að þessum kafla verði sleppt enda eru þessar tegundir ekki „búfé” í almennum skilningi þess orðs þó svo að ýmsir bændur hafi tekjur af þessum dýrum.

Mikilvægt grundvallaratriði er ekki tekið til umfjöllunar í skýrslunni. Hér er um að ræða hvað felst í „rækt” eða „ræktun” annars vegar og „verndun erfðaefnis” hins vegar. Skýrsluhöfundar virðast forðast að fjalla um hvort þessir efnisþættir fari að öllu leyti saman. Stórum hluta skýrslunnar er varið í það að lýsa búfjárræktinni en inn í þá umræðu vantar alveg hvort vernd erfðaefnis í búfé fari fyllilega saman við áform búfjárræktunar í landinu. Talsvert ræktunarstarf er og hefur verið stundað í landinu til að efla ákveðna búfjáreiginleika sem gagnast landbúnaðinum (sbr. kafla 2.2). Við það ræktunarstarf eru vissar líkur á því að einhverjir erfðaeiginleikar sem mikilvægt er að viðhalda detti út úr íslenskum búfjárstofnum. Ræktun felur í sér að auka vægi ákveðinna eiginleika og því getur erfðafræðileg breidd minnkað. Slíkt getur gerst jafnvel þótt ekki sé verið að tala um innflutning og blöndun á erfðaeftni erlendis frá. Því eru ákveðnar líkur á að markviss ræktun sé í raun öndverður verndun erfðaefnis, a.m.k. að einhverju marki. Hér er einungis bent á þessa hlið málsins. Um er að ræða mjög flókin mál sem alls ekki er unnt að gera skil hér. Mikilvægt er að kunnáttumenn, þ. á m. erfðafræðingar, fjalli um búfjárrækt m.t.t. verndunar erfðaaudlinda í heild, ekki aðeins þeim erfðabáttum sem gagnast landbúnaðinum í dag.

Virðingarfyllst,

Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS